

Fimmtudaginn 13. nóvember 1997.

Nr. 169/1997.

Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristjáni Haukssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.) og

Gísla Valgeirssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Refsilögsaga. Hegningarauki.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Sigurður Líndal, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingar ákærðu um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 10. apríl 1997. Endanleg krafa ákærvaldsins er sú, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærðu krefjast þess báðir, að refsing samkvæmt héraðsdómi verði milduð.

Héraðsdómi er ekki áfrýjað, að því er varðar meðákærða.

Ákærða Kristjáni er gefið að sök að hafa verið frumkvöðull og skipuleggjandi að innflutningi frá Hollandi á 375,8 g af amfetamínudufti, sem hafði að geyma 14% amfetamínubasa, og 808 töflum af amfetamíni, en hver þeirra var 338 mg að þyngd, og voru þar af 7 mg af amfetamínubasa. Hafi ákærði afhent meðákærða fé til ferðar til Amsterdam og komið honum í samband við ákærða Gísla, sem hafi útvegað þar fíkniefnin og afhent þau meðákærða, en þau hafi fundist í farangri hins síðastnefnda í tollleit við komu hans til landsins 18. febrúar 1996. Ákærða Kristjáni er einnig gefið að sök að hafa haft í fórum sínum við handtöku 22. febrúar 1996 105,3 g af amfetamínudufti, sem hafi haft að geyma 13% amfetamínubasa, svo og að hafa afhent nafngreindri konu 1. apríl 1996 4,3 g af amfetamíni og 2,5 g af hassi. Ákærði Kristján sætti gæsluvarðhaldi vegna málsins frá 23. febrúar til 15. mars 1996.

Ákærði Gísli er sóttur til saka fyrir að útvega fyrstnefndu fíkniefni.

efnin í Hollandi í febrúar 1996. Hann var handtekinn í Amsterdam 21. mars 1996 og samþykkti framsal til Íslands, en hingað kom hann 28. sama mánaðar. Hann sætti frelsissviptingu vegna málsins frá fyrirnefnda deginum og síðan gæsluvarðhaldi hér á landi frá 29. mars til 12. apríl 1996.

Niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða Kristjáns vegna þáttar hans í innflutningi fíkniefna 18. febrúar 1996 er í meginatriðum reist á mati á framburði hans og annarra ákærðu, sem ekki verður hreyft við fyrir Hæstarétti, sbr. 4. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem þeim var breytt með 19. gr. laga nr. 37/1994. Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða héraðsdómara um sakfellingu ákærða Kristjáns fyrir öll þau brot, sem honum eru gefin að sök, en þau eru réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Með sömu athugasemd og að framan greinir, verður staðfest niðurstaða héraðsdóms um sönnun fyrir þætti ákærða Gísla í viðskiptum við aðra ákærðu um fíkniefni í febrúar 1996. Samkvæmt gögnum, sem ríkissaksóknari hefur lagt fyrir Hæstarétt, varðar þetta athæfi ákærða Gísla refsingu samkvæmt hollenskum lögum. Verður honum gerð refsing fyrir það hér á landi með vísan til 2. töluliðar 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans er réttilega heimfært til refsíákvæða.

Eins og greinir í héraðsdómi, hefur ákærði Kristján áður hlotið þrettán refsidóma, þar af tólf vegna brota á almennum hegningarlögum. Samanlögð refsivist hans samkvæmt þeim dómum er 46 mánuðir. Ákærði Gísli hefur áður hlotið ellefu refsidóma, þar af tíu vegna brota á almennum hegningarlögum, en samanlögð refsivist samkvæmt þeim er 31 mánuður. Svo sem greinir í héraðsdómi, verður refsing beggja tiltekin sem hegningarauki, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Við ákvörðun hennar verður meðal annars að líta til ákvæða 2. mgr. 70. gr. sömu laga svo og 77. gr., að því er ákærða Kristján varðar. Brotið, sem báðir ákærðu eru saksóttir fyrir, var skipulagt og miðaði að því að afla hættulegra fíkniefna til sölu hér á landi. Magn fíkniefnanna var mikið, en til þess verður þó að líta, að styrkleiki alls amfetamínduftsins, sem um ræðir í málinu, var fremur lítill, en óverulegur, að því er varðar amfetamíntöflurnar. Að öllu þessu gættu þykir refsing ákærða Kristjáns hæfilega ákveðin þriggja

ára fangelsi, en refsing ákærða Gísla tveggja ára fangelsi. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærðu, eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað skulu vera óröskuð. Ákærðu verða dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði Kristján Hauksson sæti fangelsi í þrjú ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist í 21 dag.

Ákærði Gísli Valgeirsson sæti fangelsi í tvö ár. Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist í 22 daga.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku og sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur. Þá greiði ákærði Kristján málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, og ákærði Gísli málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. mars 1997.

Ár 1997, föstudaginn 14. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 87/1997: Ákærvaldið gegn Kristjáni Haukssyni, X og Gísla Valgeirssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákeru ríkissaksóknara, dagsettri 31. janúar sl., á hendur ákærðu, Kristjáni Haukssyni, Hjaltabakka 32, Reykjavík, kt. 140163-7599, X, f. 1965, og Gísla Valgeirssyni, Bárugötu 22, Reykjavík, kt. 301057-7179, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, framin árið 1996:

I.

Ákærðu er gefið að sök að hafa í febrúar í hagnaðarskyni staðið saman að innflutningi hingað til lands frá Hollandi á 375,8 g af amfetamínudufti og 808 töflum með amfetamíni, svo sem hér greinir:

1. Ákærða Kristjáni er gefið að sök að hafa verið frumkvöðull og skipu-

leggjandi að innflutningnum, lagt á ráðin við meðákærðu um framkvæmd brotsins og tengt saman hlutverk þeirra, fyrir för meðákærða X til Amsterdam 16. febrúar gefið honum fyrirmæli um öflun efnisins þar í borg, lagt honum til farareyri, 45.000 kr. og 500 hollensk gyllini, og fé til efniskaupa, 4.000 gyllini, og jafnframt verið í sambandi símleiðis við meðákærða Gísla um hans þátt í Amsterdam og eftir komu meðákærða X til Amsterdam gefið honum símleiðis fyrirmæli í þessu sambandi, en ákærði hugðist selja verulegan hluta framangreindra efna hér á landi.

2. Ákærða X er gefið að sök að hafa fyrir brottför sína til Hollands 16. febrúar tekið við fé af meðákærða Kristjáni til fíkniefnakaupa, sbr. lið I.1., og samkvæmt ráðagerðum ákærða Kristjáns afhent meðákærða Gísla peningana í Amsterdam og tekið í staðinn við framangreindu amfetamíni, sbr. I.3., og flutt það hingað til lands 18. febrúar í því skyni að afhenda það meðákærða Kristjáni gegn því að fá 300.000 kr. að launum fyrir ferðina, en amfetamínið fannst við tollleit í farangri ákærða við komu til Keflavíkurflugvallar.

3. Ákærða Gísla er gefið að sök að hafa í samræmi við fyrri ráðagerðir þeirra meðákærða Kristjáns tekið við 4.000 gyllinum af meðákærða X í Amsterdam og þar í borginni keypt framangreint amfetamín fyrir 3.000 gyllini og afhent meðákærða X efnið til flutnings hingað til lands til sölu-dreifingar, sbr. liði I.1. og I.2., en ákærði hélt sjálfur eftir 1.000 gyllinum fyrir sinn þátt í sendingu efnisins hingað til lands.

II.

Ákærða Kristjáni er enn fremur gefið að sök að hafa 22. febrúar haft í vörslum sínum 105,3 g af amfetamíni í bifreiðinni KF-740, er lögregla stöðvaði ákærða við akstur bifreiðarinnar við Suðurhóla 26 í Reykjavík, og fann lögreglan efnið við leit í bifreiðinni.

III.

Ákærða Kristjáni er jafnframt gefið að sök að hafa 1. apríl afhent Jónínu Þórunni Hansen, kt. 280664-7669, 4,3 g af amfetamíni og 2,5 g af hassi að þáverandi heimili sínu að Austurbergi 20 í Reykjavík.

IV.

Framangreind meðferð ákærðu á amfetamíni telst varða við 2. gr., sbr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr.

auglýsingu nr. 84/1986, og meðferð ákærða Kristjáns á hassi telst varða við framangreind lagaákvæði og reglugerð nr. 16/1986 að viðbætti 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og að framangreint amfetamín, sem um ræðir í I. og II. lið og lagt var hald á, verði gert upptækt samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.“

Málavextir.

I. kafli ákæru.

Síðdegis sunnudaginn 18. febrúar 1996 var ákærði X handtekinn á Keflavíkurflugvelli með 375,8 g af amfetamínufti og 808 amfetamíntöflur í fór-um sínum. Var hann að koma frá Amsterdam með viðkomu í Lúxemborg og tók sér þar far með flugvél hingað til lands. Efnagreining á duftinu hefur leitt í ljós, að í því er amfetamín, koffeín og laktósa. Amfetamínsúlfat reyndist vera 18%, sem samsvarar 14% af amfetamínbasa. Töflurnar reyndust hver vera 338 mg á þyngd og innihalda amfetamín og koffeín. Í hverri þeirra mældust 7 mg af amfetamínbasa. Ákærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir og sat í því til 24. sama mánaðar. Skýrslur ákærða fyrir dómi og hjá lögreglu urðu til þess, að meðákærði Kristján var handtekinn 22. febrúar og úrskurðaður í gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur daginn eftir og meðákærði Gísli handtekinn og hnepptur í varðhald í Amsterdam 21. sama mánaðar að beiðni íslenskra yfirvalda. Hann var svo fram-seldur hingað til lands 28. sama mánaðar.

Í skýrslu, sem X gaf hjá lögreglu um kvöldið, kvaðst hann hafa flutt efni þetta inn á vegum manns, sem kallaður væri Siggí, og átt að fá 200.000 krónur fyrir ómakið. En er hann kom fyrir dóm daginn eftir vegna kröfu um gæsluvarðhald, breytti hann framburði sínum og viðurkenndi að hafa farið fjórar ferðir til útlanda í því skyni að flytja fíkniefni til landsins. Fyrstu ferðina hefði hann farið 30. maí 1995. Í þrjú skipti hefði hann sótt fíkniefni til Amsterdam. Í fyrstu ferð hefði hann fengið efni hjá útlendingi, en í tvö síðari skiptin hjá Íslendingi, Gísli að nafni, sem kallaður sé Gilli, en hann hafi notað nafnið Siggí, er þeir hittust. Ein ferðin, í desember 1995, hefði verið erindisleysa. Hinar ferðirnar hefðu verið farnar í janúar og febrúar 1996. Hann kvaðst hafa farið allar ferðirnar að undirlagi meðákærða Kristjáns Haukssonar, sem hann hefði kynnst, þegar hann vann hjá Litaveri árið 1994. Þá hefði Kristján unnið á hjólbarðaverkstæði í sama húsi og skipt við ákærða í versluninni. Kristján hefði hætt á hjólbarðaverkstæðinu og farið að vinna sem málari. Sjálfur hefði hann einnig skipt um vinnu og farið að vinna hjá Málningu og Kristján verið í reikningi þar. Kvað hann Kristján hafa lagt til gjaldeyri til fíkniefnakaupanna í öll skiptin nema hið fyrsta.

Kristján hefði séð um samninga við seljendur og hann því einungis tekið við efninu. Ákærði kvað Gísla hafa verið „uppdópaðan“ í þessi tvö skipti, sem þeir hittust, og sagst nota kókaín. Gísli byggði með hollenskri konu, sem ætti 15 ára son. Þá kvaðst hann hafa leiðst út í þennan innflutning vegna fjárhagsvandræða.

Ákærði gaf svo næstu vikur ýtarlegri skýrslur hjá lögreglu um ferðir sínar, bæði meðan hann sat í varðhaldi og eins eftir að hann var látinn laus. Sagði hann Kristján hafa komið sér í samband við meðákærða Gísla. Einnig kom fram hjá honum, að Kristján hefði verið orðinn skuldugur sér vegna fyrri ferða, þegar hann bað sig að fara síðustu ferðina. Hefði Kristján lofað að gera upp skuld sína við sig og greiða sér auk þess 250.000 – 300.000 krónur fyrir þessa ferð. Hefði Kristján fengið 40.000 krónur fyrir flugfari, 500 gyllini í annan ferðakostnað og 4.000 gyllini, sem áttu að ganga til Gísla og upp í kaupverð efnisins, en Gísli myndi lána Kristjáni fyrir hluta af því. Væri efnið hvítt duft. Skyldi X hringja til Kristjáns úr vinnunni, daginn eftir að hann kæmi heim aftur, og þeir þá koma sér saman um afhendingu efnanna. Hann kvaðst svo hafa flogið út til Lúxemborgar 16. og ekið til Amsterdam í bílaleigubíl. Hann hefði hringt til Kristjáns úr símaklefa og fengið hjá honum símanúmer hans. Hefðu þeir Gísli hist á bar, eftir að þeir höfðu mælt sér mót, og Gísli tekið við peningunum. Þeir hefðu svo hist aftur og ákærði tekið við pakka með efninu hjá meðákærða, sem hefði sagt, að auk duftsins væru í honum töflur handa vaxtarræktarmönnum. Ákærði kvaðst svo hafa ekið til Berlínar og farið á sýningu vegna atvinnu sinnar. Þar hefði hann skipt efnunum í umbúðir, en ekið síðan aftur til Lúxemborgar, flogið þaðan heim til Íslands og verið handtekinn, eins og fyrr greinir. Ákærði kvað Kristján hafa margsagt við sig, að ef hann yrði tekinn og leysti frá skjóðunni, yrði hann látinn hverfa. Við meðferð málsins hefur ákærði svo játað brot sitt og sagt ákærana að öllu leyti rétta. Hefur hann áréttað, að Kristján hafi látið sig fá alla þessa peninga og að hann hafi vitað um magn efnisins og þátt Gísla.

Ákærði Kristján var, eins og fyrr segir, handtekinn eftir ábendingu X 22. febrúar og úrskurðaður í gæsluvarðhald daginn eftir. Hann neitaði framan af að eiga nokkurn þátt í innflutningi meðákærða. Í lögregluyfirheyrslu 15. mars viðurkenndi hann þó að hafa lagt til fé til þess að fjármagna fyrirtækið. Hefði X hringt í sig og stungið upp á því, að hann setti peninga „í fíkniefnapakka“. Kvaðst Kristján hafa látið til leiðast og látið X fá 4.000 hollensk gyllini og 10.000 íslenskar krónur, daginn áður en X fór utan. Hefðu þeir komið sér saman um, að Kristján fengi í sinn hlut 150–200 g af amfetamíni, sem Kristján ætti að sækja til X, daginn eftir að X kæmi heim,

19. febrúar. Hann kvaðst ekki hafa vitað um ferðaáætlun X, en hafa gert ráð fyrir, að hann myndi kaupa efnin í Hamborg eða Lúxemborg. Þá sagðist hann ekki vita, hvort Gísli væri viðriðinn þetta, en X hefði hringt til sín og spurt sig, hvar tiltekinn skemmtistaður væri í Amsterdam. Hann kvaðst hafa ætlað hluta af efnunum, sem hann átti að fá, til eigin neyslu, en afganginn til sölu. Hann hefði engan hlut átt í amfetamíntöflunum eða því efni, sem X var með umfram þessi 150–200 g. Þessa frásögn sína staðfesti ákærði í dómi síðar um daginn. Við meðferð máls þessa fyrir dómi hefur ákærði Kristján einnig viðurkennt að hafa átt hlut að þeim innflutningi fíkniefnanna, en þó sagt, að í sinn hlut hefðu aðeins átt að koma 150 g af efninu. Þá hafi hann aðeins lagt til 2.000 gyllini, að því er sig minni, en segist ekki muna, hvort hann lét X fá einhverjar íslenskar krónur líka.

Ákærði Gísli kom fyrir dóm 29. febrúar vegna kröfu um gæsluvarðhald. Hann viðurkenndi þá að hafa afhent X þau 375,8 grömm af amfetamíni og 808 amfetamíntöflur, sem um getur í kröfugerð lögreglu. Hann kvað X hafa hringt til sín í Amsterdam og þeir mælt sér mót á Hótel Krasnapolsky við Dammtorg. Þar hafi X sagst vera með 4.000 gyllini og falast eftir fíkniefnum við sig. Hann hefði svo aftur mælt sér mót við X síðar um kvöldið, en þá kvaðst hann hafa verið búinn að útvega fíkniefnin á bar, sem hétu Kabul. Hefði hann keypt þau af manni, sem hann hélt vera þýskan. Hann kvaðst hafa vitað, að X ætlaði sér að flytja þessi fíkniefni til Íslands, og hefði X sagt sér, að peningar væru komnir frá Kristjáni Haukssyni og ætti Kristján því fíkniefnin eða a. m. k. hlut í þeim. Ákærði gaf svo ýtarlega skýrslu um þetta hjá lögreglu 1. apríl og sagði X hafa hringt til sín og kynnt sig sem X málara, vin Stjána. Þeir hefðu mælt sér mót og X beðið sig að útvega fíkniefni; væri hann með 4.000 gyllini. Væri sama, hvaða efni hann útvegaði. Ákærði kvaðst hafa keypt fíkniefnin af manninum á Kabul fyrir 3.000 gyllini. Hafi það verið 400 g af amfetamíni og alsælutöflur. Sjálfur hefði hann fengið í sinn hlut 25 alsælutöflur og 1.000 gyllini. Hann hefði svo farið með fíkniefnapakkann til X og afhent honum og sagt, að í pakkanum væru 900 alsælutöflur og 400 g af amfetamíndufti. Hefði hann ekki vitað neitt af X, fyrr en hann hefði hringt til sín frá Íslandi. Í síðari skýrslum ákærða hjá lögreglu kom fram, að hann hefði ekki haft neitt samráð við ákærða Kristján um þetta fíkniefnamál, þótt þeir Kristján hefðu margsinnis rætt saman í síma. Við meðferð málsins hefur ákærði áréttað, að ekkert samráð hefði verið með sér og meðákærða Kristjáni um kaup og innflutning á efnunum. Þá kveðst hann ekki hafa vitað, hvert efnin ættu að fara eða hvort þeim ætti í raun að dreifa nokkurs staðar. Hann geti svo sem viðurkennt, að hann hefði mátt vita, að þeim yrði dreift einhvers staðar, en segist hafa verið í

drykkju og fíkniefnaneyslu á þessum tíma, og ekkert hugsað út í þetta. Hann hafi umfram allt verið að reyna að verða sér úti um peninga. Segist hann hafa játað þetta 29. mars til þess að losna undan gæsluvarðhaldi.

Meðal sakargagna eru segulbandsupptökur af símtölum ákærðu Gísla og X, sem fram fóru 26. febrúar, 2. mars og 8. mars og dómari hefur hlýtt á. Er vafalaust, að tal þeirra á þessum spólum snýst að verulegu leyti um ákærða Kristján. Verður tal þeirra ekki skilið öðruvísi en svo, að Gísli hafi talið Kristján tengjast innflutningi efnanna. Þá koma þar fram hótanir Gísla í garð X um lemskur og líflát, ljóstri hann upp um aðra.

Þá eru einnig í málinu segulbandsupptökur af símtölum ákærða Kristjáns, sem dómari hefur hlýtt á. Ekki fer á milli mála, að í símtali, sem fram fór á ensku við mann að nafni Stone í Amsterdam, segir ákærði við Stone þennan, að hann hefði sent mann til útlanda og að sá, sem sendur var, hefði reynst illa og efnid einnig. Í skýrslu hjá lögreglu 22. apríl gaf ákærði þá skýringu á þessum orðum, að hann hefði verið búinn að fréttu, að X hefði hitt Gísla úti og orðað þetta svona við Stone. Hann hefði ekki átt við það með þessu, að hann hefði sent X. Þegar ákærði var aftur spurður út í þessi orð við meðferð málsins, sagði hann, að hann hefði ekki notað enska orðið „send“, og sé upptakan óskýr. Ákærði segist hafa átt þetta samtali við pilt, sem heita Kjartan og Toni, eins og hann hefði tekið fram í skýrslu hjá lögreglu, en sú skýrsla sé ekki lengur meðal málsskjala.

Niðurstaða.

Ákærði X hefur verið staðfastur í skýrslum sínum, sem í sjálfu sér eru trúverðugar og þykja hafa stöð af sakargögnunum, einkum segulbandsupptökunum. Meðákærðu hafa játað aðild sína að málinu, þótt þeir hafi lagt áherslu á, að ekki hafi verið ráðagerð eða beint samband á milli þeirra tveggja. Skýrslur Kristjáns hafa verið óstöðugar og skýringar þeirra Gísla á segulbandsupptökunum ótrúverðugar. Þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að innflutningur efnanna hafi verið að samráði ákærðu allra og að þeir eigi fullan og óskiptan hlut að honum, eins og lýst er í I. kafla ákæru, og að ákærði Kristján hafi jafnframt átt frumkvæði að innflutningnum, kostað hann og skipulagt. Hafa þeir brotið þau lagaákvæði, sem tilfærð eru við I. kafla ákæru. Samkvæmt 7. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 er heimilt að refska ákærða Gísla fyrir brot þetta, þótt ákæruvaldið hafi ekki sýnt fram á, að verknaður hans hafi einnig verið refsiverður samkvæmt hollenskum lögum, sbr. 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga.

II. kafli ákæru.

Þegar ákærði Kristján var handtekinn 23. febrúar, fannst í bifreið hans pakki með 105,3 g af amfetamíndufti. Við efnarannsókn á sýni úr því kom í

ljós, að í því var amfetamín, koffeín og laktósa. Amfetamínsúlfat reyndist vera 18%, sem samsvari 13% af amfetamínbasa. Hann játaði fyrir dómi síðar þennan dag að eiga pakkann. Að vísu kvaðst hann hafa talið, að í pakknum væru 20 g af amfetamíni og „bolatöflur“, þ. e. a. s. steratöflur. Hefur hann sagt, að maður hafi hringt í sig og sagt sér, að pakki með þessum efnum væri falinn í vettlingi við hitaveitustokk í Mosfellsbæ, og hefði hann verið búinn að semja um kaup á þessu fyrir 60.000 krónur. Telja verður í hæsta máta ótrúlegt, að ákærði hafi ekki vitað, hvað var í pakka þessum, og ekki gerir ákærði þessa viðbáru trúlegri með þeim orðum, er hann vék að þessu efni í símtalinu við Stone fyrrnefndan. Ber að hafna henni. Telst hann sannur að því að hafa vísitandi haft efni þetta í vörslum sínum, eins og lýst er nánar í ákæru, og hefur hann brotið þau lagaákvæði, sem tilfærð eru í þessum kafla.

III. kafli ákæru.

Ákærði Kristján hefur skýlaust játað atferli, sem hann er ákærður fyrir í III. kafla ákæru. Hefur hann brotið þau lagaákvæði, sem tilfærð eru við þann kafla.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Alkunnugt er, að amfetamín er hættulegt fíkniefni. Er efnismagn það, sem ákærðu hafa nú verið sakfelldir fyrir að flytja inn og ákærði Kristján auk þess fyrir að hafa í vörslum sínum og selja, fallið til þess að valda mörgum mönnum böli og heilsutjóni.

Ákærði Kristján á að baki langan sakaferil. Hann hefur til þessa dags hlotið þrettán refsídóma frá árinu 1983, þar af tólf fyrir hegningarlagabrot, auk sekta fyrir fíknilaga- og umferðarlagabrot. Er dæmd refsivíst ákærða samkvæmt dómum þessum orðin rúm fjögur ár. Refsing ákærða, hegningarauki við tveggja mánaða fangelsisdóm, þykir með hliðsjón af sakaferli hans og málavöxtum vera hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Frá refsingu ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 23. febrúar til 15. mars, samtals 21 dag.

Sakaferill ákærða X hefur ekki þýðingu fyrir mál þetta, og ber að tiltaka refsingu hans með hliðsjón af því og eins hinu, að hann hefur verið samvinnufús við rannsókn málsins. Þykir refsingin vera hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Frá henni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 19. til 24. febrúar, samtals fimm daga.

Ákærði Gísli á að baki talsverðan sakaferil. Frá árinu 1982 hefur hann hlotið ellefu dóma, aðallega fyrir hegningar- og fíknilagaabrot. Er samanlögð refsivíst ákærða í þessum dómum tæp þrjú ár. Þá hefur hann marg-

sinnis verið sektaður, ýmist fyrir ölvun, fíknilaga- eða umferðarlagabrot. Refsing ákærða, sem er hegningarauki við tíu mánaða fangelsisrefsingu, þykir með hliðsjón af sakaferli og málavöxtum, þar á meðal hótunum hans í garð X, vera hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár. Frá refsingu ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 21. mars til 12. apríl, samtals 22 daga.

Dæma ber ákærðu alla til þess að sæta upptöku á 375,8 g af amfetamínufti og 808 amfetamíntöflum og ákærða Kristján til þess að sæta upptöku á 105,3 g af amfetamínufti og -köggjum.

Dæma ber ákærða Kristján til þess að greiða verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hrl., 65.000 krónur í málsvarnarlaun, en auk þess ber að greiða honum 5.000 krónur í málsvarnarlaun úr ríkissjóði vegna þinghalds í málinu 24. febrúar sl. Þá ber að dæma ákærða X til þess að greiða verjanda sínum, Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur hdl., 25.000 krónur í réttargæslulaun og 25.000 krónur í málsvarnarlaun, eins og um játningarmál hefði verið að ræða, en úr ríkissjóði ber að greiða verjandanum 45.000 krónur í málsvarnarlaun, þ. m. t. 5.000 krónur vegna fyrrnefnds þinghalds. Dæma ber ákærða Gísla til þess að greiða verjanda sínum, Hilmar Ingimundarsyni hrl., 65.000 krónur í málsvarnarlaun, en auk þess ber að greiða honum 5.000 krónur í málsvarnarlaun úr ríkissjóði vegna þinghaldsins fyrrnefnda. Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt að 2/3 hlutum og ákærði Kristján að 1/3 hluta.

D ó m s o r ð:

Ákærði Kristján Hauksson sæti fangelsi í 4 ár. Frá refsingunni dregst 21 dags gæsluvarðhald.

Ákærði X sæti fangelsi í 18 mánuði. Frá refsingunni dregst 5 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Gísli Valgeirsson sæti fangelsi í 3 ár. Frá refsingunni dregst 22 daga gæsluvarðhald.

Ákærðu sæti allir upptöku á 375,8 g af amfetamínufti og 808 amfetamíntöflum, og ákærði Kristján sæti upptöku á 105,3 g af amfetamínufti og -köggjum.

Ákærði Kristján greiði verjanda sínum, Guðmundi Ingva Sigurðssyni hestaréttarlögmanni, 65.000 krónur í málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði greiðist verjandanum 5.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði X greiði verjanda sínum, Eddu Sigrúnu Ólafsdóttur héraðsdómslögmanni, 50.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði ber að greiða verjandanum 45.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Gísli greiði verjanda sínum, Hilmarí Ingimundarsyni hæstaréttarlögmanni, 65.000 krónur í málsvarnarlaun, en úr ríkissjóði greiðist verjandanum 5.000 krónur í málsvarnarlaun.

Annar sakarkostnað greiði allir ákærðu óskipt að 2/3 hlutum, en 1/3 hluta greiði ákærði Kristján einn.
